

Fundur í fagdeild Leiðsagnar 18. febrúar 2021.

Viðstaddir: Jens Ruminyjens, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage, Vilborg Anna Björnsdóttir.

Til umræðu voru þrjú mál.

- Staða mála varðandi vinnu ráðherranefndar, sem Jakob S. Jónsson tekur þátt í, varðandi endurskoðun leiðsögumanna með hliðsjón að uppfylla kröfur Evrópustaðals.
- Hlutverk fagdeildar og þjónusta við aðildarfélaga.
- Fundur með Jakobi S. Jónssyni og aðalfundur fagdeildar

1. Steinunn, sem situr í fagráði sem fulltrúi fagdeildar greindi frá því að mikið hefði gerst og væri vinna í fullum gangi. Þegar hafa kröfur Evrópustaðals ÍST EN 15565:2008 verið bornar saman við námsskrá þeirra skóla, sem útskrifa leiðsögumenn. Ljóst er að ýmislegt er kennt, sem ekki er krafist í Evrópustaðli og annað, eins og hópstjórn, menningarlausni o.fl. vantar að miklu eða öllu leyti. Ekki er krafist tungumálakunnáttu skv. Evrópustaðlinum en ljóst má vera að fæstir leiðsögumanna Leiðsagnar vinna við að leiðsegja Íslendingum á ferð um Ísland heldur sinna þeir útlandingum og slíkt er ekki hægt að gera án góðrar kunnáttu því tungumáli gestanna .

Fundarmenn töldu það nauðsynlegt að leiðsögumenn stæðust að lágmarki CMR próf B2, sem þýðir að einstaklingur geti auðveldlega haldið uppi samskiptum á viðkomandi erlendu tungumáli. (síðan eftir póstsendingar varð stjórnin sammála um að C 1 væri nauðsynlegt lágmark)

2. Vilborg sagði að á nýlegum stjórnarfundum Leiðsagnar hefði verið samþykkt að gefa út handbók og fagorðabók fyrir leiðsögumenn. Ennfremur verður heimasíðunni breytt þannig að aðildarfélagar fagdeildar að geta þar, í gegnum innskráningu á mínar síður, komist í fyrirnefndar bækur. Þá eiga aðildarfélagar fagdeildar einnig að geta hlaðið niður mynd af sér og skráð upplýsingar um sig: t.d. ökuleiðsögumaður, tungumál: þýska, landsvæði: allt Ísland á mínum síðum. Á minni síðu verður svo boðið upp á að þessar upplýsingar birtist á heimasíðu Leiðsagnar með því að haka í box þar sem boðið er upp á birtingu upplýsinganna. Rætt var um það að fagdeild gæti e.t.v.boðið félögum sínum upp á fræðslu, t.d. námskeið eða fyrirlestur.

3. Samþykkt var að halda fund með Jakobi S. Jónssyni þegar áfangaskýrsla ráðherranefndar liggur fyrir en það er áætlað í lok febrúar.

4. Aðalfundur Leiðsagnar verður haldinn 27. apríl n.k. Félagsfund fagdeildar þarf að halda fyrir þann tíma.

Verkefni.

Jens ætlar að senda á stjórn fagdeildar CMR staðla tungumála og skoða og flokka fyrri og nýrri lög Félags leiðsögumanna/Leiðsagnar með hliðsjón af tilgangi, lagabreytingingum, samræmi og ósamræmi þeirra.

Næsti fundur með Jakobi S. Jónssyni þegar áfangaskýrsla ráðherranefndar liggur fyrir.

"Fundur í fagdeild Leiðsagnar 4. mars 2021

Viðstaddir: Jens Ruminy, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage, Vilborg Anna Björnsdóttir og Jakob S. Jónsson, gestur fundarins.

Til fundarins var boðað til að Jakob gæti kynnt fyrir nefndarmönnum framgang þeirrar vinnu, sem unnin hefur verið í skipaðri ráðherranefnd en þar er til skoðunar hvernig megi efla menntun leiðsögumanna til að þeir geti öðlast formlega viðurkenningu á starfsheiti sínu.

Jakob gaf fundarmönnum greinargóðar upplýsingar um vinnu nefndarinnar fram til þess, tillögur þeirra þess efnis að menntun leiðsögumanna taki mið af Evrópustaðli að viðbættu því að menntun og starf leiðsögumanna og ferðapjónusta sem slík skuli taka mið af sjálfbærni, umhverfis- og neytendavernd. Nefndarmenn hafa verið einhuga um það að horfa á staðalinn sem grunnviðmiðun hvað varðar menntun leiðsögumanna.

Leiðsögunám er skilgreint á 3. og 4. menntunarstig (framhaldsskólastig). Fundarmenn voru sammála um að 4. menntunarstig væri Á kjósan leg hvað leiðsögunám varðar. Einnig voru fundarmenn sammála um það að ákjósanlegt væri að gera kröfu um það að leiðsögumenn séu ekki fullnuma þótt formlegu námi sé lokið heldur viðhaldi og bæti við sig þekkingu eftir því sem kostur er.

Jakob bað að lokum fundarmenn um að senda tillögur til Steinunnar Harðard. um námsefni í leiðsögunámi finnist þeim eitthvað hugsanlega vanta.

Þegar Jakob hafði yfirgefið fundinn ræddi fagdeildarfolk aðeins áfram. Það var skoðun þeirra að fari svo að leiðsögunám öðlist formlega viðurkenningu og starfandi leiðsögumönnum bjóðist að fara í raunfærnimat og sækja nám til að uppfylla tilskyldar kröfur, skapast skýr grundvöllur fyrir starfsemi fagdeildar, sem myndi halda utan um þessa þætti.

Hlutverk fagdeildar er óskýrt eins og sakir standa og óljóst, svo ekki sé meira sagt, hvað fólk er að greiða fyrir með árgjaldi sínu til deildarinnar. Rætt var um að það væri nauðsynlegt að skerpa á lagaákvæðum um fagdeild. Jens var falið að skoða vel núverandi lög hvað varðar fagdeild og bera saman við fyrri ákvæði.

Ákvæðið var að biðja Pétur Gauta að koma á næsta fund fagdeildar fimmtudaginn 18. mars n.k. Kristín mun senda fundarboð til Péturs Gauta."